



Fjölbrautaskóli Suðurlands

HÁRG2GB03C

Hárgreiðsla og blástur 3  
Kennsluáætlun – haustönn 2021

**Kennari áfangans: E Arna Árnadóttir**

[earnaarna@fsu.is](mailto:earnaarna@fsu.is)

**Áfangalýsing:** Nemandinn kynnist hugmyndum, tækni og aðferðum á bak við uppbyggingu og formgerð greiðslna á síðu hári. Hann lærir að blanda saman margvíslegri tækni, með notkun á rúllum, bylgjum og ýmsum hitatækjum. Kenndar verða léttar greiðslur í mismunandi hárlengdir, unnið með hnúta, slaufur, pulsar og fléttur. Kynnt verða ýmis tímabil og tískustraumar í hársögunni og kennt að útfæra greiðslur við mismunandi tækifæri með hjálp verklýsinga. Nemandi vinnur bæði með æfingahöfuð og módel.

**Markmið áfangans:**

**Þekking: Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:**

- upprúlli miðað við fyrirhugaða útkomu, bæði á síðu og stuttu hári.
- mismunandi formi á bylgjugreiðslum.
- notkun bylgjugreiðu og klípa.
- mismunandi aðferðum við blástur.
- vali og notkun mótunarefna.
- notkun hitajárna.

**Leikni: Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**

- velja og nota rúllur sem hæfa fyrirhugaðri útkomu og greiða hár á æfingahöfði og módeli samkvæmt fyrirfram ákveðnu formi.
- gera eigin verklýsingar og fara eftir þeim við hárgreiðslu.
- greiða blautbylgjur og setja í klípur.
- setja klípur í heilt höfuð með eða án skiptingar.
- greiða úr svo út komi bylgjur.
- blása og krulla samkvæmt kennslukerfi.
- beita grunntækni við gerð greiðslna.
- blása dömu- og herrahár eftir fyrirfram ákveðnu formi.
- blása stífan rúllublástur í fyrirfram ákveðið form.

- **Hæfni : Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:** gera skiptingar og upprúll miðað við fyrirhugaða útkomu.
- framkvæma einfaldar greiðslur með tilliti til forms, áferðar og heildarútlits.
- móta bylgjur í hár með blæstri, klípum og vatnsliðun.
- ná tökum á sígildu formi í dömu- og herrablæstri.
- framkvæma dömublástur eftir óskum viðskiptavinar.
- ráðleggja viðskiptavinum um val á blæstri við hæfi.

**Námsmat** Símat